


Eitt málverka Hauks Dórs á sýningu hans að Kjarvalsstöðum í vetur. Hann hafði ollumyndir sínar undir gleri og þessvegna speglast fáránlegt ljósaverk hússins í myndinni. Góður sýningarstaður verða Kjarvalsstaðir ekki fyrr en búið er að rífa þetta fjarstæðukennda mannvirki niður og setja þar betri lýsingu.



Áhrif frá popplist og nýraunsæi: Ein mynda Guðrúnar Svövu Svavarsdóttur.

Gísli Sigurðsson

EFTIR MYNDLISTAR-VERTÍÐ-INA

Myndlistarsýningar hafa í megindráttum verið bundnar við tvær árstíðir; annarsvegar haustið frá septemberbyrjun fram í desember og síðan frá miðjum febrúar og frameftir vorinu. Það hefur verið nokkuð samdóma álit, að þýðingarlítið sé að efna til myndlistarsýninga um jólaleytið og eins að sumrinu, þegar fólk er út og suður.

Hitt er svo annað mál, að þessar sýningarvertíðir hafa einlægt verið að lengjast í báða enda af þeirri einföldu ástæðu að sýningum hefur fjölgað svo mjög. Það verður einnig að telja til nýmæla, að listamenn úr höfuðstaðnum eru farnir að efna til einskonar aukasýninga í kaupstöðum úti á landi og eru páskar að því er virðist eftirlætistíminn. Um síðustu páska mátti heyra af auglýsingum, að sunnanmenn höfðu hengt upp á Ísafirði, Hvammstanga og Akureyri. Það orð fór af Akureyri fyrir fáeinum árum, að þar þýddi ekki að sýna annað en aðgengilegar landslagsmyndir. Nú starfar hinsvegar sýningarstaðurinn Háhóll með glæsibrag og málarar eru farnir að líta Akureyri hýru auga. En víða er að þessu leyti ónumið land; fólk nýtur þess ekki sem menn hafa fram að færa, vegna þess að það hefur lítið leitt hugann að nútíma myndlist, hvað þá að það hafi fylgst með sýningum. Í því sambandi kemur mér í hug húnverskur bóndi, sem slæddist inn á sýningu á Hvammstanga um páskana, þar sem þeir hengdu upp myndir Weissauer hinn þýzki og Jónas stýrimaður. Bóndi virti gaumgæfilega fyrir sér myndirnar og mælti: „Ég hef nú séð eina og eina ljóta mynd áður, en aldrei svona margar saman".

Kjarvalsstaðir og Norræna húsið eru þeir sýningarstaðir í Reykjavík sem skipta máli. Eftir því sem ég bezt veit eru þar gerðar kröfur um getu, en vera má að erfitt sé að framfylgja þeim kröfum til hins ýtrasta í landi kunningsskaparins. Bæði þessi hús eru ásetin og upppöntuð langt fram í tímann. Í Bogasalnum hefur á stundum verið slegið um of af listrænum kröfum og er naumast jafn hátt ris á honum og áður var. En þar að auki eru smærri sýningarstaðir svo sem Gallery SÚM, Sólon Íslandus í Aðalstræti, salurinn í arkitektahúsinu við Grensásveg, og Loftið við Skólavörðustíg.

Bæði þarf þó nokkurn tíma og gífurlegan áhuga til að fylgjast með öllu því, sem upp er hengt á þessum stöðum og fleirum, sem gripið er til þegar allt um þrýtur. Ég ætla að fæstir geri það; jafnvel ekki þeir sem eru þó allir af vilja gerðir að fylgjast sem bezt með þróun myndlistarinnar og framgangi einstakra listamanna. Hættan er sú, að hér komi upp einskonar ofneyzla, sem skapar leiða og þreytu. Ég þykist hafa orðið var við þennan leiða; hann er eðlilegur og kemur upp hvar sem of mikið verður af einhverju, hvort sem það er list, matur — eða dagblöð til dæmis.

Það er dálítið þversagnarkennt, en blöðin, sem hafa þá skyldu að fræða almenning um það sem gerist, eiga sinn þátt í þessari listþreytu. Þau gera þessu öllu jafn hátt undir höfði; athyglisverð sýning að Kjarvalsstöðum fær naumast meiri fréttaumfjöllun en

Nýraunsæi; að sjá hlutina frá nýjum sjónarhornum. Ein mynda Hrings Jóhannessonar frá sýningu hans að Kjarvalsstöðum.

